



**FUNDARGERÐ**  
**30. fundur Odda bs**  
**haldinn Fjarfundur í gegnum ZOOM , 22. september 2020**  
**og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Elín Grétarsdóttir, Sigurjón Bjarnason, Sigrún B Benediksdóttir, Auður Erla Logadóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Björg K Björgvinsdóttir, Hugrún Pétursdóttir, Rósa Hlín Óskarsdóttir, Guðbjörg Ísleifsdóttir, Sóley Ösp Karlsdóttir, Hrafnhildur Valgarðsdóttir, Klara Viðarsdóttir, Valtýr Valtýsson og Ágúst Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, Sveitarstjóri.

Fundurinn var haldinn í fjarfundi til að auðvelda sóttvarnir.

**Dagskrá:**

**1. Mannauðsmál skólanna - 1610046**

*Í upphafi skólaárs skulu skólastjórar gera fræðslunefnd grein fyrir stöðunni í starfsmannamálum hvað varðar starfsþróun og endurmenntun og leggja fram áætlun fyrir yfirstandandi skólaár.*

Skólastjórar fóru yfir starfsmannamál og áætlanir um endur- og símenntun og lögðu fram gögn til kynningar sem fylgja með fundargerðinni. Einnig fóru þeir yfir fjölda nemenda við hvern skóla. Alls eru 213 börn í grunnskólum Odda bs og 118 börn í leikskólunum. Á fundinum kom fram að Auður Erla Logadóttir hefur sagt starfi sínu lausu sem leikskólastjóri á Heklukoti og reiknar með að láta af störfum þann 31. desember n.k. ÁS var falið að undirbúa auglýsingu um nýjan leikskólastjóra í Heklukoti og leggja fram hjá stjórn Odda bs. Haustfundur Odda bs vill nota tækifærið og þakka Auði Erlu Logadóttur fyrir hennar mikilvægu störf í þágu Leikskólans Heklukots á umliðnum árum og óska henni velfarnaðar í nýjum verkefnum.

Samþykkt samhljóða.

**2. Aðstaða og búnaður skólanna - 1610047**

*Árlega meti skólastjórar þörf fyrir endurnýjun kennslutækja, þörf fyrir annan búnað og húsnæði í samræmi við þróun nemendafjölda og kennsluhátta og upplýsi fræðslunefnd um stöðu mála.*

Skólastjórar greindu frá stöðu mála varðandi búnað og aðstöðu og fóru yfir atriði sem snúa að þróun skólastarfsins. Þá lögðu þeir fram gögn um þessi atriði til kynningar sem fylgja með fundargerðinni. Nánar verður unnið með þessi atriði nú þegar vinna við fjárhagsáætlun Odda bs fyrir næsta ár hefst.

**3. Ytra mat Grunnskóla Odda bs 2017 - 1701015**

#### *Staða mála - eftirfylgni.*

Skólastjórar grunnskólanna fóru yfir eftirfylgni við ytra mat sem fram fór 2017. Fram kom hjá skólastjórum að niðurstöður ytra matsins hafa verið ákveðið leiðarljós undanfarin ár og hafa verið mjög gagnlegar við að bæta skólastarfið. Búið er að bregðast við langflestum atriðum sem gerðar voru sérstakar athugasemdir við í ytra matinu og stefnt að því að þeirri vinnu ljúki vorið 2021.

#### **4. Ytra mat leikskóla Odda bs 2021 - 1909071**

##### *Ákvörðun varðandi umsókn.*

Til hefur staðið að láta fara fram ytra mat á leikskólum Odda bs en ekki hefur enn fengist styrkur frá Menntamálastofnun til verksins. Tillaga er um að stjórn Odda bs stefni að því að láta fara fram ytra mat á leikskólum sínum árið 2021 og leiti til Menntamálastofnunar varðandi kostun á slíkri úttekt. ÁS falið að koma styrkumsókn á framfæri.

Samþykkt samhljóða.

Skólastjórar og áheyrnarfulltrúar skólanna fóru af fundi eftir þennan lið.

#### **5. Rekstraryfirlit Odda bs 2020 - 2001020**

##### *Rekstur Odda bs janúar-ágúst*

Klara Viðarsdóttir fór yfir rekstraryfirlit Odda bs janúar-ágúst 2020. Ljóst er að nýir kjarasamningar gera það að verkum að launakostnaður ársins fyrir Odda bs stefnir í að fara framúr fjárhagsáætlun. Huga þarf að viðbrögðum við því og undirbúa þá viðauka þegar niðurstaðan skýrist.

#### **6. Rekstraráætlun 2021 - Oddi bs - 2009040**

##### *Undirbúningur fjárhagsáætlunar, forsendur og skipulag - fundir með skólastjórum.*

Farið yfir skipulag vinnu við fjárhagsáætlun og áhersluatriði. Reiknað er með vinnudegi stjórnar með skólastjórnendum varðandi fjárhagsáætlun þann 19. október kl 8:00-12:00.

#### **7. Skólaþjónustan - kynning á starfseminni - 2007024**

##### *Starfsemin 2019-2020*

Lagt fram til kynningar.

Fundargerðin yfirlesin og samþykkt með tölvupósti að afloknum fundi.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.**

---

Björk Grétarsdóttir

---

Haraldur Eiríksson

---

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

---

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

---

Elín Grétarsdóttir

---